

Mál nr. 26/2024
Breyting á deiliskipulagi
Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ



Vegagerðin hefur fengið til umsagnar breytingu á Deiliskipulagi fyrir Dalveg 32 í sveitarfélaginu Kópavogi, sem var upphaflega samþykkt 13. júlí 2007. Síðast voru samþykktar breytingar á deiliskipulagi 8. maí 2018. Breytingarnar sem nú eru til umsagnar voru unnar af Arkís teikning dagsett 07.11.2022.

1. Lýsing

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemd við hana.

Síða 1/4

Greinargerð þessi er úrdráttur úr greinargerð í skipulagsskilmálum dags. 17. febrúar 2022 sem fylgja deiliskipulagi þessu en þar er nánar fjallað um m.a. rök breytingar, stærð og afmörkun skipulagssvæðis, forsendur, markmið og áhrif byggðar á umhverfið sem og aðkomu, umferð, atvinnustarfsemi, gönguleiðir, opinsvæði og bílastæði. Sem rök fyrir breytingunni má nefna að byggingarreitur Dalvegur 32c skv. gildandi deiliskipulagi var sniðinn að áformum fyrri lóðarhafa (Brimborg ehf.) fyrir bílaumboð og hentar ekki lengur áformum núverandi lóðarhafa og stefnumörkum bæjaryfirvalda eins og hún kemur fram í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 en þar er tekið fram í kafla 3 um markmið miðsvæðis svæðiskjarnans að uppbygging við Reykjanesbraut haldi áfram að þróast sem miðstöð verslunar og þjónustu. Í staðfestu Aðalskipulagi Kópavogs 2019 til 2040 er umrætt svæði VP 10 skilgreint sem verslunar- og þjónustureitur þar sem áður var gróðrarstöð og tekið fram að svigrúm sé fyrir nýbyggingar. Tillagan er einnig í samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um uppbyggingu svæðiskjarnans Smára og Mjódd. Í gildandi deiliskipulagi, samþykkt í bæjarstjórn 13. júlí 2007 m.s.br. 26. sept. 2017 og 8. maí 2018 er gert ráð fyrir verslunar og þjónustuhúsnæði allt að 9.300 m² að stærð. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi Dalvegur: Dalvegur 20-28, samþykkt í bæjarstjórn 22. september 2020 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 29. sept. 20 Dalvegur 30, samþykkt í bæjarstjórn 22. september 2020 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 29. sept. 20 Dalvegur 24, samþykkt í bæjarstjórn 16. júní 2009 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 3. júlí 2009 Dalvegur 32 samþykkt í bæjarstjórn 13. júlí 2007 m.s.br. 26. september 2017 og 8. maí 2018, birt í B- deild Stjórnartíðinda 8. júní 2018.

Vegagerðin
Cecíla Þórðardóttir
- Vg

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og bendir á að halda skal fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.¹

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.
og framkvæmdar eins og best verður á kosið.

Umferðaröryggi:

Vegagerðin vinnur samkvæmt umferðaröryggisáætlun stjórnvalda en hún er hluti af samgönguáætlun og er hlutverk hennar að auka umferðaröryggi á Íslandi, fækka umferðarslysum og bæta umferðarmenningu. Árið 2010 voru gefnar út leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana fyrir sveitarfélög. Mörg sveitarfélög hafa þegar gert sína umferðaröryggisáætlun og eru sveitarfélög hvött til að gera það eða að sjá til þær séu endurskoðaðar reglulega. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli allra þeirra aðila sem að umferðaröryggismálum koma svo að aðgerðir séu samræmdar og framkvæmdar eins og best verður á kosið.

Síða 2/4

2. Deiliskipulag

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

¹ http://www.vegagerdin.is/media/upplýsingar-og-utgafa/13259_sk140615_Leidbeiningar.pdf

Vegagerðin mælir með að helstu vegir í umsjá Vegagerðarinnar verði auðkenndir í deiliskipulagi, að lágmarki á skýringarkorti fyrir vegi. Um vegi í umsjá Vegagerðarinnar gilda sérstök lög og reglur og æskilegt að þeir séu auðkenndir vegna áframhaldandi skipulagsvinnu og annarrar vinnu er byggir á aðalskipulagi.

Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga.

Vegagerðin óskar eftir að mörk deiliskipulags liggi að veghelgunarsvæði.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við gatnamót inná reit frá Dalvegi. Vegagerðin óskar hins vegar eftir samráði verði frekari breytingar á gatnamótum, sér í lagi þau sem standa næst Nýbýlavegi vegna mögulegra áhrifa á ljósaþýrð gatnamót Dalvegs og Nýbýlavegs.

Síða 3/4

Í ljósi þess að deiliskipulagstillögur leiða til aukningar byggingarmagns og þar af leiðandi aukningar umferðar frá því sem áður hefur verið samþykkt þá óskar Vegagerðin eftir því að gatnamót Dalvegar og Nýbýlavegar séu greind með tilliti til afkasta og slysahættu. Hægra framhjáhlaup frá Dalvegi inná Breiðholtsbraut hefur háa slysátíðni og aukning umferðar þar um getur haft neikvæð áhrif á öryggi vegfarenda.

Vegagerðin mælist til þess að tengingar við núverandi og framtíðar göngu- og hjólainnið kerfi séu skoðuð sérstaklega til að styðja við eitt af fimm markmiðum samgönguáætlunar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Gæta þarf sérstaklega að núverandi stoppistöð í fyrir almenningssvagna í vesturátt og tryggja aðgengi að og frá biðskýli bæði fyrir þá sem ferðast meðfram Dalvegi og þá sem koma ferðast til og frá Dalvegi 32. Teikningar sýna ekki svo skýrt sé hvort breytingar á göngustíg við stoppistöð séu áætlaðar.

Vegagerðin

Vegagerðin vekur athygli á 90. grein nógildandi umferðalaga um auglýsingaskilti við veg.

Þegar unnið var að deiliskipulagi Dalvegs 20 til 32 árið 2019 hafði Vegagerðin ekki athugasemdir vegna þeirra gagna sem sett voru fram fyrir tengiveg milli Reykjanesbrautar og Dalvegs.

Núverandi tenging inná Dalveg 20 af Reykjanesbraut er um frárein af mislægum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegs og slysátíðni á þessum kafla er há og því er talið æskilegt að skoða sérstaklega áhrif breytinga deiliskipulagsins á þróun umferðar á þessu svæði og hvernig er hægt að auka umferðaröryggi. Samkvæmt skýringarmynd á

deiliskipulagsupprætti er ætlunin að breyta gatnatengingum þarna og tengja að- og frárein af Reykjanesbraut inn á nýja götu með góðu aðgengi að lóðum við Dalveg 30 og 32. Þetta mun auka umferð um að- og fráreinina sem getur dregið úr umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Vegagerðin óskar eftir því að betri grein sé gerð fyrir áhrifum þessara breytinga á umferðaröryggi áður en ákvörðun er tekin um breytta útfærslu við tengingar inn á Reykjanesbraut en Vegagerðin er veghaldari Reykjanesbrautar.

Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda ætti að vera í fyrirrúmi og er mælt með því að þetta sé sérstaklega skoðað innan reitsins. Teikningar sýna ekki göngu eða hjólaleiðir innan reits.



Cecilía Þórðardóttir,
verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Síða 4/4

Vegagerðin